

**Nd.**

**440. Nefndarálit**

**[137. mál]**

um frv. til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Gögn bárust frá Félagi dómarafulltrúa, Dómarafélagi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands og frá nokkrum meðlimum þessara félaga. Fulltrúar frá öllum þessum félögum mættu á fundum nefndarinnar.

Í viðtali við nefndina hefur dómsmálaráðherra lýst því yfir, að hann hafi hug á að láta fara fram allsherjarendurskoðun á skipan dómsmála í landinu. Þar sem ekki verður séð, að samþykkt þessa frumvarps tefji á nokkurn hátt fyrir slíkri endurskoðun, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „átta til tíu“ í 2. málsg. komi: átta til tólf.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „fimm til sjö“ í 2. málsg. komi: fimm til níu.
3. Við 7. gr.
  - a. Í stað orðanna „einn til þrjár“ í 2. málsg. komi: einn til fimm.
  - b. Í stað orðanna „einn eða tveir“ í 3. málsg. komi: einn til þrjár.
  - c. Í stað orðanna „einn dómari“ í 4. málsg. komi: einn eða tveir dómara.

Alþingi, 13. marz 1972.

Svava Jakobsdóttir,  
form.  
Stefán Gunnlaugsson.

Bjarni Guðnason,  
fundaskr.  
Ólafur G. Einarsson.

Stefán Valgeirsson,  
frsm.  
Ellert B. Schram.